



Fundargerð atvinnu- og ferðamálanefndar 30.10.19

Fundargerð atvinnu og ferðamálanefndar 29.10.2019 í Miklagarði kl. 16:01

Mættir: Árný Birna Vatnsdal, Bjarni Björnsson, ritari, Hólmar Bjarki Wiium Bárðarson, formaður, Ester Rósa Halldórsdóttir og Björgvin Hreinsson

Formaður setti fund kl 16:01 og var gengið til dagskrár:

1. Val á varaformanni nefndar.

Ester tilnefnd sem varaformaður nefndar og hún kosin samhljóða.

2. Umsókn um byggðarkvóta

Umsókn um byggðarkvóta lesin upp á fundinum og rædd.

Bætt við umsókn um byggðarkvóta frá því í fyrra málgrein um loðnubrestinn sem lék sveitarfélagið grátt. Rætt um deilur í kring um úthlutun byggðarkvóta og ástæður þeirra. Umsóknin lögð undir kosningu nefndarmanna og hún samþykkt samhljóða.

3. Umsókn styrkja.

Rætt í fullri nefnd að til eru sjóðir sem hægt er að sækja í, t.d. á vegum evrópusambandsins. Spurning hvort að Austurbrú sé vetvangur einstaklinga til að fá hjálp, meðal annars við að sækja um styrki. Formaður ætlar að kynna sér betur hvers eðlis sú aðstoð getur verið hjá Austurbrú. Tilfinning nefndarmanna að Austurbrú sé vannýtt.

4. Ferðamálafulltrúi

Rætt í fullri nefnd að skorað sé á sveitarstjórn að bæta uppundir hálfu starfi á fjárhagsáætlun í formi ferðamálafulltrúa. Talað um mögulega bara yfir sumartímamann eða jafnvel 50% starf. Rætt um að Vopnafjörður sé ekki nógu vel auglýstur sem ferðamannaáfangastaður og að ferðamálafulltrúi gæti nýst vel þar. Einnig að hægt sé að miðla ferðamönnum á einn stað þar sem tekið er á móti þeim og þeim bent á hvað Vopnafjörður býður uppá. Nefnt í því samhengi að við erum ósjálfrátt orðin hluti af Norðurstrandavegi og að Dettifossvegur, sem er í deigluinni, muni bæta í ferðamannastrauminn. Útfærsluatriði hvernig ferðamálafulltrúinn yrði nýttur en samstaða í nefndinni að þetta starf sé nauðsinlegt. Tillaga lögð fyrir nefndina að skorað sé á sveitarstjórn að bæta sem nemur 50% starfi ferðamálafulltrúa í fjárlög næsta árs og hún samþykkt samhljóða.

5. Hlutverk Miklagarðs

Lesin upp samskipti milli formanns og sveitarstjóra varðandi Miklagarð. Lauslega rætt um kosti og galla þess að rekstur félagsheimisins væri seldur. Ekki mikill hljómgrunnur fyrir því og tekið fram að það væri ekki í umræðu lengur. Bent á að gott sé að geta nýtt þetta hús félagslega, t.d. starfsemi Skemmtifélgsins og opna húsið á þriðjudögum og föstudögum. Bent á að húsið gæti nýst sem miðstöð fyrir ferðamenn og gæti meðal annars hýst ferðamannafulltrúa en þó þannig að fulltrúinn komi ekki í staðin fyrir húsvörð Miklagarðs. Margt innan og utan húss sem mætti lagfæra, t.d. almennt viðhald, málningarvinna, brunavarnir.

Tillaga borin fram um að skora á sveitarstjórn annarsvegar að bæta peningum á fjárhagsáætlun í viðhald á þessu húsi sem við eigum saman og hinsvegar að stofnuð sé húsnefnd utan um Miklagarð og málefni hússins. Tillagan samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

Rætt um kynningu á atvinnustarfsemi Vopnafjarðar. Hugmynd að húa saman þeim fyrirtækjum og starfsstöðum sem eru á staðnum og kynna fyrir íbúum Vopnafjarðar hvað er um að vera. Nefndin ætlar að útfæra þetta betur.

Fundi slitið kl 17:06

Bjarni Björnsson, fundarritari.